

Nd.

456. Frumvarp til laga

[43. mál]

um Fjárfestingarfélag Íslands h.f.

(Eftir 2. umr. í Nd., 20. marz.)

1. gr.

Heimilt er að stofna hlutafélag, sem heitir Fjárfestingarfélag Íslands h.f. Hlutverk félagsins skal vera að efla íslenzkan atvinnurekstur og örva til þátttöku í honum með því að fjárfesta í atvinnufyrirtækjum og veita þeim fjárhagslega fyrirgreiðslu og beita sér fyrir nýjungum í atvinnumálum. Í samræmi við þennan tilgang skal félaginu heimilt, meðal annars:

1. Að vera frumkvöðull að stofnun, endurskipulagningu og sameiningu atvinnufyrirtækja.
2. Að kaupa, eiga og selja hlutabréf í atvinnufyrirtækjum og skuldabréf þeirra.
3. Að greiða fyrir útgáfu hlutabréfa og skuldabréfa atvinnufyrirtækja með beinni og óbeinni þátttöku í útboðum og annarri dreifingu á þeim.
4. Að útvega, veita og ábyrgjast lán til atvinnufyrirtækja, sem félagið tekur þátt í eða heitir sér fyrir.
5. Að taka þátt í rannsknum á atvinnunýjungum og tilraunum með þær og hafa milligöngu um öflun og sölu á réttindum til hagnýtingar þeirra.
6. Að annast tæknilega og viðskiptalega ráðgjafarþjónustu við stofnun og rekstur atvinnufyrirtækja.

2. gr.

Heimili félagsins og varnarþing skal vera í Reykjavík.

3. gr.

Forgöngu um stofnun félagsins hafa Verzlunarráð Íslands, Félag íslenzkra iðnrekenda, Samband íslenzkra samvinnufélaga og þeir aðilar, sem samtök þessi kveðja til. Öllum skal gefinn kostur á að gerast hluthafar með almennu hlutafjárútboði.

4. gr.

Hlutafé félagsins skal eigi vera minna en 80 milljónir króna.

Einkabönkum er heimilt að kaupa og eiga hlutabréf í félaginu, án tillits til gagnstæðra ákvæða laga um þessar stofnanir, svo og opinberum sjóðum í landinu að áskildu samþykki ríkisstjórnar. Skal stofnunum þessum jafnframt heimilt að vera fullgildir stofnendur að félaginu.

5. gr.

Á stofnfundi félagsins skal setja því samþykktir, og skulu þar sett nánari ákvæði um félagið og starfsemi þess. Samþykktir félagsins skulu háðar samþykki ráðherra þess, er fer með bankamál.

6. gr.

Fjárfestingarfélag Íslands h.f. skal til ársloka 1977 njóta sömu sérréttinda og Landsbanka Íslands eru veitt í 1. mgr. 18. gr. laga nr. 11 29. marz 1961.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.